

**LANDSPING LANDSSAMBANDS SJÁLFSTÆÐISKVENNA  
STYKKISHÓLMI 5. – 6. SEPTEMBER 2009**

**ÁLYKTUN**

Miklar breytingar hafa átt sér stað í samfélagi okkar á undanförunum mánuðum og erfiðir tímar eru í vændum hjá mörgum fjölskyldum. Við þurfum að standa þétt saman í gegnum þá umbrotatíma sem framundan eru, standa vörð um athafnafrelsið, sjálfstæði þjóðarinnar og hagsmuni komandi kynslóða. Jafnframt þurfum við að læra af þeim mistökum sem gerð hafa verið, bæði á sviði stjórnmála og í atvinnulífinu. Þær hörmungar sem dunið hafa á okkur mega ekki gerast aftur.

Landssamband sjálfstæðiskvenna telur að Sjálfstæðisflokkurinn hafi með ýmsum hætti axlað sína ábyrgð á íslenska efnahagshruninu. Margt er þó enn óuppgert varðandi aðdraganda þess. Með sanngjarnri, gagnsærri og réttlátri málsmeðferð hjá rannsóknarnefnd Alþingis, sérstökum saksóknara og öðrum eftirlitsaðilum á að vera hægt að gera upp fortíðina þannig að réttlætinu sé fullnægt. Hraða verður meðferð mála fyrir þessum stofnunum og tryggja að þær hafi úr nægum mannafla og fjármunum að ráða. Landssamband sjálfstæðiskvenna fordæmir skemmdarverk og önnur hatursfull viðbrögð við því ástandi sem nú ríkir.

Landssamband sjálfstæðiskvenna fagnar þeim árangri sem þingflokkur Sjálfstæðisflokksins náði við gerð fyrirvara við Iceasave-málið. Þeir breyttu í grundvallaratriðum óviðunandi frumvarpi sem ríkisstjórnin lagði fram í byrjun sumars. Fyrirvararnir draga verulega úr þeim skaða sem annars hefði hlotist af veitingu ríkisábyrgðarinnar. Meðferð þessa máls sýndi að þingræðið virkar á Alþingi. Nú ríður á að ríkisstjórnin leggi allan kraft í að sannfæra alþjóðasamfélagið um að Íslendingar hafi með samþykkt frumvarpsins axlað alla þá ábyrgð sem þjóðinni er unnt, lengra verður ekki gengið í þeim efnunum.

Framundan eru erfið verkefni í ríkisfjármálum sem kalla á útsjónarsemi, úthald og þor. Landssamband sjálfstæðiskvenna leggur áherslu á að Alþingi sýni samstöðu í því erfiða verki og hvetur þingmenn sjálfstæðisflokksins til að láta ekki sitt eftir liggja við þá vinnu. Ríkisreksturinn hefur þanist út á undanförunum árum og því er gott svigrúm til niðurskurðar. Niðurskurður er óhjákvæmilegur og betri lausn en óhóflegar skattahækkningar líkt og nú eru hugmyndir uppi um. Heimilin í landinu þola ekki meiri álögur.

Landssamband sjálfstæðiskvenna átelur ríkisstjórnina fyrir aðgerðarleysi varðandi skuldavanda heimilanna og að undirbúa ekki fólkið í landinu fyrir það sem er í vændum á komandi vetri og árum.

Besta leiðin til að koma heimilunum og fólkinu í landinu til bjargar er að hjól atvinnulífsins taki aftur að snúast að fullum krafti. Ríkisstjórnin verður að tryggja að fólk sjái sér hag í því að halda áfram rekstri fyrirtækja, hefji rekstur nýrra fyrirtækja og stuðli þannig að hagvexti og almennri velferð. Þessu verður ekki náð nema starfsemi bankastofnana komist í eðlilegt horf, vextir lækki, gjaldeyrishömlum verði aflétt og trú þjóðarinnar á framtíðarmöguleika Íslands verði endurheimt.

Landssamband sjálfstæðiskvenna vill að lausn verði fundin á skuldavanda heimilanna í takt við tillögur Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum frá því í júní 2009.

Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að fólk festist ekki um langa framtíð í bóta- og atvinnuleysisgildru. Nú þegar má sjá merki um slíkar gildirur þar sem atvinnuleysisbætur og hvers konar afslættir í kerfinu eru samtvinnnaðir og fólk er betur státt á bótum en með því að vinna á lágmarkslaunum.

Ríkisstjórnin sem náði meirihluta með slagorðinu „að standa vörð um velferðarkerfið“ ræðst á helgasta rétt eldri borgara, sjálfan grunnlífeyrinn. Hann skyldi aldrei skerðast vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Hafa ber í huga, að greiðslur úr lífeyrissjóði eru ekki atvinnutekjur, heldur endurgreiðsla á sparnaði. Landsamband sjálfstæðiskvenna mótmælir þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar, svo og öðrum skerðingum á sparifé og eigum aldraðra.

Landsamband sjálfstæðiskvenna hvetur fólk til að huga að og sinna sínu nærumhverfi eins og frekast er kostur. Með því að styðja við bakið á nágrannanum og okkar nánustu má ná viðunandi árangri og jafnvel betri en fæst með því að bíða eftir því að ríkið komi öllum til bjargar. Í því sambandi má virkja betur mátt hvers konar félaga og samtaka, svo sem hverfa- og íbúasamtaka, kirkjunnar, foreldrafélaga og svo mætti lengi telja. Hér er tækifæri fyrir hvern og einn að leggja sitt að mörkum þar sem miðstýring ríkisvaldsins mun koma seint og illa til bjargar.

Landsamband sjálfstæðiskvenna telur að framtíð landsins verði best tryggð með jafnri þátttöku kvenna og karla í stjórnámálum og atvinnulífi. Landsamband sjálfstæðiskvenna mun á næsta starfsári beita sér fyrir því að flokkurinn samþykki jafnréttisstefnu sem skal fylgt í öllum störfum flokksins. Það er lágmarkskrafa að efstu sæti framboðslista flokksins verði jafnt skipuð konum og körlum.

Framtíð Íslands er björt þegar til lengri tíma er litið; undirstöður helstu atvinnugreina þjóðarinnar hafa ekki orðið fyrir varanlegum skaða af efnahagshruninu. Framtíð þjóðarinnar byggist á þessum atvinnugreinum auk framþróunar og nýsköpunar á öðrum sviðum. Við erum vel menntuð þjóð með öflugum innviði og getum sigrast á hverskyns erfiðleikum. Hlutverk stjórnvalda og fjölmiðla er að einblína á styrkleika okkar og telja þor og kjark í þjóðina. Stefna sjálfstæðisflokksins er og hefur alltaf verið að virkja kraftinn í einstaklingunum í landinu þannig að allir geti lagt sitt af mörkum til að skapa sér og sínum viðunandi framtíð. Mikilvægi þess hefur sjaldan verið meira en nú.